



# -Hólmur í mynni Laxárdals-

Hús 3 a-c og prufuholur

Skýrsla XI



Bjarni F. Einarsson  
2011

Forsíðurmyndin sýnir nánasta umhverfi eldstæðisins í húsi 3b. Niðri t.h. má sjá steinfóðraða stoðarholu (sth. 1) og sprunginn stoðarstein (stst 1) t.v. Rétt ofan við hina steinfóðruðu stoðarholu, við pinnan, er önnur stoðarhola (sth. 2), hvers hlutverk liggur ekki ljóst fyrir. Sjálft eldstæðið er ofarlega í mynd, neðan við tvo steina. Vinstra megin við það má sjá far eftir raft, sem legið hefur á gólfinu á milli hliðar- og miðskips. Niður af honum má sjá leifar af sjálfu gólfinu. Ekki er ólíklegt að sjá megi leifar af öðrum stoðarholum/stoðarsteinum efst í mynd, ofan við eldstæðið. (Horft mót SA. Stafrænar myndir nr. 419. Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson).

**F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Febrúar 2011



Mynd 1. Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu. Úr Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

## 1 Inngangur


Sumarið 2010 var 11. sumar rannsókna í Hólmi í Nesjum. Hafa þær þá staðið yfir síðan 1996 með nokkrum hléum. Þær hafa þó staðið yfir samfellt síðustu fimm sumrin. Um aðdraganda rannsókna og fyrri sumar er vísað í fyrri skýrslur og greinar (sjá heimildaskrá).

Í lok síðasta sumars kom í ljós að meira var eftir af húsi 3c og náðist ekki að klára það þó að höfuð markmið sumarsins hafi verið að klára þetta hús og fá endanlega úr því skorið hvort langeld væri þar að finna eða ekki. Einnig var þess freistað að finna fleiri hús á bæjarstæðinu vestur af skála, húsi 5, á svæði sem lækurinn afmarkar til austurs og gamall lækjarfarvegur til norðurs. Var þetta gert með því að grafa prufuholur á efnilegum stöðum. Markmiði sumarsins var ekki náð, því á síðasta degi rannsókna fundust ummerki um hugsanlegan langeld mun neðar en ráð var fyrir gert sem bendir til þess að miðhluti húss 3b (yngri skálans) hafi verið nokkuð lægri en endar þess. Einnig fannst nýtt hús skammt austur af húsi 5 (eldri skála). Því þarf að mæta aftur til rannsókna, ef klára á landnámsbýlið Hólm. Aukreitis var athyglinni aftur snúið að húsi sem talið var geta verið suðvestur af bæjarstæðinu, en þar var grafin prufuhola sumarið 1997, en niðurstaða hennar aldrei birt. Að fenginni reynslu er nú talið nær öruggt að þar sé um hús að ræða, sem þarf að rannsaka. Hefur það fengið númerið 2<sup>1</sup>.

Rannsóknirnar hófust þann 7. júní síðastliðinn og stóðu yfir til 17. júní eða í níu daga. Við rannsóknirnar störfuðu allan tíman, auk undirritaðs, fornleifafræðingarnir Ármann Guðmundsson, Sandra Sif Einarsdóttir og Sindri Ellertsson Csillag. Einnig tóku þátt þær Ásta Hermansdóttir fornleifafræðinemi og Íris Lind Bjarnadóttir nemi. Seinni vikuna bættist Inga Hlín Valdimarsdóttir við hópinn. Björg Valdimarsdóttir og Björn G. Arnarsson á Menningarmiðstöð Hornafjarðar voru okkur innan handar við ýmislegt á Höfn, svo sem við gistingu, þvotta og ýmislegt annað sem þurfti við rannsóknirnar.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornleifasjóður, Fornleifafræðistofan og Sveitarfélagið Hornafjörður. Öllum þessum aðilum er þökkuð samvinnan.

<sup>1</sup> Í húsnúmeraröðinni hefur myndast eyða sökum þess að hús nr. 2 var talið hafa staðið rétt við hús nr. 3 og 4, en síðar kom í ljós að þar var ekkert hús. Færist því númerið á þetta hús.



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsaðar rústir á bæjarstæði Hólms. Hús 6 er talsvert vestar og hús 2 talsvert sunnar. Frumt. SSE, SEC, KM, BFE.

## 2 Uppgröftur

Sama hnita og hæðarkerfi var notað eins og áður. Þó var aðal fixinn færður á X 200 Y 208 og hæð hans 19,20, eins og í fyrra. Númer gripa er í beinu framhaldi af fyrri númerum og sama á við um aðra lista og skrár. Teknar voru litskyggnur og stafrænar myndir og stafræn kvikmynd var einnig tekin, en hún hefur legið niðri í nokkur sumur. Nú er til nokkuð mikið af óunnu kvikmyndaefni sem bíður framtíðar úrvinnslu.

Engin stór snið voru teiknuð önnur en snið í stoðarholur og eldstæði. Bætt var við upplýsingum á planteikningar frá því í fyrra. Á það einkum við eldstæði í húsi 3b og mannvistarlagsslettur hér og þar.


Enn var hreinsað ofan af húsum 3a-b og þá fundust allmargir gripir á yfirborðinu eða rétt undir því, t.d. perla, hnoð og brýni. Ákveðið var að skoða hús 3a aðeins betur með tilliti til torftækninnar og stoðarhola.



Mynd 2. Hús 3a nær fullgrafið. Handan við það er hús 3b í miðri rannsókn. (Horft mót NV. Stafrænar myndir nr. 360. Ljósm. BFE).


### 2.1 Prufuholur I - IV

Grafnar voru nokkrar prufuholur vestan við hús 5, skálann, til að reyna að finna fleiri hús, en þar hafði aldrei verið grafið áður. Byrjað var austan við lækinn þar sem hann beygir til suðvesturs skammt vestur af húsi 5. Þar voru tvær prufuholur grafnar. Þá



Mynd 3 og 4. Neðstu þverstrengirnir við suðurhorn húss 3a. Sjá má bæði þverstreng og jafn langan streng í stefnu veggjarins (pílur t.h. á efri myndinni). (Ljósmynd: Horft mót SA, eftir torfhúsinu. Stafrænar myndir nr. 410. Ljós. BFE).

N  
  
 Hólmur í Nesjum - hús 3a, neðstu hnausar í vegg  
 Höfn í Hornafirði, A-Skaftafelssýsla  
 Eigið kerfi og hæðir  
 Frumt. SEC - 2010  
 Hreint. SEC - 2010





Mynd 5. Hér sjást þverstrengirnir í vegg húss 3a. Myndin er tekin af veggnum eins og hann birtist í prufuholu 6 sumarið 2001. (Horft mót NA. Stafrænar myndir nr. 136. Ljós. BFE).

var farið vestur yfir lækinn og fleiri holur grafnar þar. Nú brá svo við að sjá mátti húsform á yfirborði og var hola nr. III grafin þar. Nokkrir aðrir staðir voru álitlegir og var grafið í þá flesta. Allar prufuholurnar voru 1 x 1 m á dýpt og snéru skv. hnitakerfinu.

*Prh. I. X 225 Y 153.* Staðsetning holunnar var á tungu sem gekk í átt að læknum, vestan við skálann (hús 5). Slíkar tungur hafa áður sýnt að þar getur leynst hús. Mesta dýpt hennar var 1,3 m (í SV-horni). Örafajökulsgjóska var á 0,38 m dýpi. Ekkert fannst í holunni, en þó mátti greina smávægilegt rask í neðstu lögunum sem skýrist væntanlega af nálægð skálans.

*Prh. II. X 206 Y 154.* Staðsetningin var nokkuð SV við hús 5, á mjög lágri bungu. Mesta dýptin var 0,97 m og Örafajökulsgjóska var á 0,28 m dýpi. Ekkert fannst sem benti til mannvistar.

*Prh. III. X 226 Y 84.* Staðsetning holunnar var í miðri meintri rúst sem sást á yfirborði. Var sú rúst teiknuð og hefur fengið nafnið Rúst 6. Mesta dýpt var 1,08 m og á 0,45 m dýpi var Örafajökulsgjóska frekar lítilfjörleg. Neðst í holunni var komið niður á gólf. Í því voru viðarkol og óbrenndur viður. Ekkert bólaði á brenndum beinum, ösku né lífrænum leifum. Einnig var rauðleitt lag þar áberandi og í því

járnútfellingar. Hæð gólfsins mældist 19,53 m.y.s.

*Prh. IV. X 240 Y 109.* Holan var staðsett nokkuð norður af holu III, á dálítilli tungu sem gekk til norðurs. Mesta dýpt hennar var 1,11 m og Örafajökulsgjóskan frá 1362 var á 0,28 m dýpi. Ekkert fannst í holunni sem gaf fyrirheit um mannvist annað en dálítið röskuð lög við botn (umferð skepna og manna).

*Prh. V. X 247 Y 86.* Holan var grafin á mjög lágri bungu vestan við holu IV. Hún var 1,22 m á dýpt og Örafajökulsgjóskan var á 0,52 m dýpi. Ekkert fannst í holunni sem gaf nokkra mannvist til kynna.

Tveir aðrir staðir voru álitlegir, aðeins suðvestan við holu III, en sökum tímaskorts náðist ekki að grafa prufuholur þar.

Utan við suðaustur gafl húss 3c var 5 x 6 m stórt svæði við X 195 Y 218 (SV-horn) kannað ýtarlega. Þar máti sjá mannvistarlag sem lá undir grængráu gjóskulagi (sýni 60). Í laginu voru viðarkol, einstaka óbrennd bein og tennur (reynt var að bjarga tönnum) og sót. Mannvistarlagið lá býsna nærri gulhvítu og hvítu gjóskulagi, sem við teljum vera H3 og H4.

## 2.2 Hús 3a

Nokkrar nýjar upplýsingar bættust við hús 3a. Þær fyrstu varða torfið í veggjunum, en áður hefur komið fram að í þeim er þverstrengur, en ekki hefur áður komið fram að neðsta torflagið hefur bæði haft þverstreng og streng sem lagður er langsum (langstreng?) á kafla í veggnum. Hefur því jafn langur strengur og settur var þvert á vegginn einnig verið settur langsum í vegginn utanverðan. Ekki varð þess vart að þessi háttur hafi verið hafður á ofar í veggjum.

Þétt upp við austur gaflinn var stoðarhola, en á eldri teikningum var þar talin geta verið ein slík. Nú var hún rannsökuð nánar og í ljós kom stoðarhola um 0,41 m breið og 0,13 m djúp. Neðst í henni voru tveir stoðarsteinar sem myndað hafa nokkurskonar fleyga til að skorða stoðina af. Þetta sýnir að í húsinu hefur verið einföld röð stoða sem haldið hefur uppi þakinu og því hefur húsið verið tveggja skipa. Nokkrar nýjar pinnaholur bættust einnig við, en það breytir engu um túlkun hússins.

Greinilegt er nú sem fyrr að veggir eru allir grafnir niður í svörðinn og torfið lagt ofan á sléttaðan flöt.


Loka lýsing hússins er því svohljóðandi:

Hús 3a hefur upphaflega staðið eitt og sér, en á síðari stigum þess hefur húsi 3b (skála?) verið skeytt við NV gaflinn og byggt ofan í hluta þess. Því er upphafleg



Mynd 6. Hús 3a í miðri rannsókn. Sjá má prufuholu 6 t.v. og gaflinn t.h. Neðarlega á myndinni eru dyrnar/rás að koma í ljós. (Horft mót N. Stafrænar myndir nr. 323. Ljós. BFE).






Mynd 7. Vestasti hluti huss 3a. Sjá má stoðarholu við SA - gaflinn. Neðsta torflagið hefur verið teiknað inn á myndina. Út úr S - horni er rás. Útbreiðsla gólfsins var meiri en þessi mynd sýnir.

lengd hússins dálítið á huldu. Breidd þess var 2,40 m að innanmáli, en utanmál þess var 4,36 m. Stefna hússins var NV - SA, eða þvert á elsta skálann, hús 5, og á Laxárdalinn. Það liggur hins vegar samsíða Hólmslækjarlindinni sem rennur úr Hólmslækjarkeldunni. Um lengd þess verður ekki sagt með vissu vegna þess að hús 3b hefur hugsanlega skorið óþekktan hluta þess í burtu. Lengdin hefur þó ekki verið minni en 5 m vegna þess að gólfíð úr húsi 3a náði undir gaflinn á húsi 3b. Ytri lengdin hefur varla verið styttri en um 7 m.<sup>2</sup>

Húsið stendur alveg fram á rofabarðið sem þarna er og hefur hluti af norðurhorni hússins eyðst vegna rofsins.

Veggirnir í húsinu eru úr hreinu torfi og eru hlaðnir á samskonar máta og veggir húss 5 (eldri skála), húss 4 að hluta og húss 3b (yngri skála), þ.e.a.s. úr þverstreng. Neðst í veggnum við austanverðan suðurvegginn komu í ljós strengir sem þó höfðu verið lagðir með veggnum að utanverðu og voru strengirnir jafnlangir þeim sem lagðir voru þvert á vegginn. Þessi tilhögun gæti verið til að styrkja hornið í húsinu. Slíkar torfhleðslur hef ég kosið að kalla þverstreng. Veggur með slíkum þverstreng hefur verið kallaður hnausstrengur í lýsingu á kirkjugarðsvegg Stóruborgar í Rangárvallasýslu (Þórður Tómasson 2008:102). Sá veggur er þó líklega mun yngri og heitið hnausstrengur allt of gildishlaðið til að vera nothæft á steng af því tagi sem

<sup>2</sup> Húsið var talið geta verið allt að 8 m langt í skýrslu um rannsóknirnar 2007. Sú tala er greinilega ekki rétt, enda byggðist hún á röngum forsendum. Hluti af þeirri lengd er annað hús (hús 3b).



Mynd 8. Snið- og planteikning af stoðarholunni í húsi 3a. Í raun er um bæði stoðarholu og stoðarstein að ræða og erfitt að gera sér grein fyrir því hvort um sé að ræða sokkinn stoðarstein, eða að stoðarsteinninn hafi verið grafinn niður í upphafi.

fannst í Hólmi. Sambærilegur veggur og fannst í húsi 3a, fannst í húsi 4:10:c á Þjótanda, en það hús hefur verið aldursgreint til 13. aldar (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir 2009:15 & 61). Einnig þar sást þetta fyrirkomulag nálægt horni húss, báðum megin við hornið.

Breidd veggjanna í húsi 3a voru á bilinu 0,92 - 1,14 m. Langveggirnir hafa ekki verið bogadregnir eins og sjá má í húsum 3b og 5 (skálunum), en það er dæmigert form á skálum og fjósum um öll Norðurlönd á forsögulegum tímum og trúlega eitthvað fram á miðaldir. Við innanverða veggina voru einstaka stærri steinar.

Greinilegt er að veggjum í húsi 3a og 3b hefur verið skeytt saman og dyr hafðar á milli. Aðrar dyr voru á suður horni hússins, mót suðri. Voru þær aðeins 0,5 m á breidd þar sem þær voru þrengstar, utarlega. Eru þær svolítið óvenjulegar, jafnvel einstakar fyrir það að vera á bláhorni hússins. Gólf eða botn dyranna var lagður lóbörðu grjóti, frekar hnöttóttu og náði það um 1 m út frá dyrunum. Þar var talsvert af hreinum viðarkolaslettum auk venjulegs mannvistarlags, en þar var 5 x 6 m stór reitur skoðaður sérstaklega.



Mynd 9. Stoðarhola 1 í húsi 3a fullrannsökuð. Sjá má steinana tvo sem voru á botni holunnar. (Horft mót SA. Stafrænar myndir nr. 428. Ljós. BFE).


Kom ekkert annað markvert í ljós þar en áður nefnt mannvistarlag á víð og dreif og nokkrir gripir. Ekki er hægt að útiloka að dyr hafi verið við NV - gafl hússins, en þær hafi horfið þegar húsunum var skeytt saman. Hér er gegnið út frá því að svo hafi verið upphaflega. Ekki er hægt að segja til um hvort dyrnar á S - horninu hafa verið þar upphaflega.

Þegar hús 3b var byggt hefur hús 3a orðið að viðbyggingu með millidyrum á gafl hússanna eins og áður kom fram. Í gegnum dyrnar á göflunum teygði sig gólflag og í því fundust nokkrir gripir, þar á meðal kola úr klébergi (gripur nr. 110) sem lá í dyrunum.


Í húsinu fannst ein stoðarhola eða stoðarsteinn/steinar. Var holan 0,4 - 0,44 m í þvermál og því ekki fullkomlega hringlaga. Dýpt hennar var 0,13 m og neðst í henni voru tveir hellulaga steinar sem gátu virkað sem einskonar fleygar undir stoðina, bæði til að skorða hana af og koma í veg fyrir sig. Ekki er hægt að segja til um það hvort hér hafi verið stoðarsteinar sem hafi sokkið, eða að steinarnir hafi verið grafnir niður. Aðrar stoðarholur eða stoðarsteinar fundust ekki, en þó verður að ganga út frá því sem vísu að a.m.k. ein önnur stoð hafi staðið í húsinu, á móti stoðarholu 1. Stoðarhola 1 bendir til þess að í húsinu hafi verið einföld röð stoða sem borið hefur uppi þakið. Hefur hin stoðin þá staðið við gaflinn á móti. Hafi húsið verið 5 m langt að innanmáli eins og talið er hér að framan, hefur stoð líklega staðið í miðju húsinu.

Í SA - horni hússins voru nokkrir steinar í þyrpingu, en um frekari þýðingu þeirra er ekkert vitað. Stungið er upp þá því að þeir hafi þjónað sem undirstaða undir innanstokksmuni af einhverju tagi.

Tvö gólf voru í húsinu og var það efra (yngra) fullt af viðarkolamolum, sóti, ösku, brenndum beinum og lífrænum leifum. Var gólfið þéttast í norðvestanverðu húsinu, eða í námundan við dyrnar inn í hús 3b. Þynntist svo gólfið eftir því sem suðaustar dró fjær dyrunum og var nær ósýnilegt við suðaustur gaflinn. Þykkt gólfsins var allt að 3 - 4 sm þar sem það var þykkast. Eldra gólfið rann saman við það yngra og ekki var gerlegt að skilja þau að með góðu móti. Það hefði hugsanlega verið hægt ef húsið hefði verið grafið í einu ferli (á einu sumri). Yngra gólfið bendir eindregið til þess að manneskjur hafi hafist við í húsinu, en hvort svo hafi einnig verið þegar húsið stóð eitt og sér verður ekki afráðið svo að öruggt sé. Þegar húsið fannst sumarið 2001 í prufuholu/skurði 6 var talið að húsið gæti varla verið mannaþúsáður vegna þess hve lítið af viðarkolum var að finna í gólfinu. Prufuholan var nokkuð austarlega í húsinu. Ekkert eldstæði fannst í húsinu og engar leifar slíks. Bendir það til þess að að upprunalega hafi gólfið ekki verið jafn ríkulegt af



Mynd 10. Lóðin sem fannst í rofabarði við rúst 3a. Úr klébergi. (Teikn. AÅ).



Mynd 11. Tilgátuteikning af húsi 3a. Bætt hefur verið við tveimur stoðarholum/stoðarsteinum, veggjum og dyrum á NV - gafli.

sama innihaldi og yngra gólfið, sem lýst er hér að framan. Yngra gólfið hefur því hugsanlega myndast eftir að húsinu var skeytt við hús 3b og viðarkolamolar og brennd bein, auk sóts og ösku, borist frá húsi 3b með umferð manna inn og út um dyrnar sem voru á milli húsanna. Eldsláttusteinar fundust í húsinu og benda þeir til þess að eldstæði kunni að hafa verið í húsinu þrátt fyrir allt, en það hafi ekki varðveist til seinni tíma.

Stungið er upp á því að húsið kunni að hafa verið skepnuhús í fyrstu, þó að vitað sé að í eldra gólfinu hafi verið viðarkol. Síðar var húsið hluti af öðru húsi og hefur hugsanlega skipt um hlutverk við það. Þetta er þó nokkuð óvíst, en á meðan ekki finnast önnur skepnuhús en yngra skeið húss 5, verður þessi tilgáta að fá að standa sem möguleiki. Gripirnir styðja hana þó ekki, en þeir benda órækt til þess að manneskjur hafi hafist við í húsinu. Besta skýringin á notkun hússins er því trúlega sú að það hafi verið notað sem búr og vistarverur manna.

Í prufuholu 6, sem grafin var sumarið 2001 (X 200 Y 218), komu í ljós talsvert margar pinnaholur við norðurvegginn. Þær voru aldrei teiknaðar inn á flatarteikningar, en voru hins vegar ljósmyndaðar (sjá mynd 6 í skýrslu IX). Fleiri pinnaholur hafa svo fundist annarsstaðar í húsinu, en alls ekki jafn margar og jafn þétt og pinnaholurnar í prufuholunni/skurðinum. Þær síðasttöldu voru teiknaðar inn á flatarteikningar.

Í húsinu fundust 12 gripir og þar af voru sjö svokallaðir skrautsteinar eða glerhallar. Þrír gripir voru úr járni, skinna og tvö hnoð og að lokum fundust tveir

eldsláttusteinar, annars vegar úr hrafntinnu og hins vegar úr kristalsteini (bergkristal?). Sá síðarnefndi er ekki öruggur eldsláttusteinn.


Árið 2001 fannst lóð úr klébergi í rofabarði. Í ljós kom síðar að lóð þessi hefur verið við, eða inni í húsi 3a. Aðeins ein sambærileg lóð hefur áður fundist á Íslandi, en það var lóð sem fannst í Aðalstræti 12 í Reykjavík (Bjarni F. Einarsson 1995:70). Lá lóð sú inni í húsi sem ekkert er vitað um annað en að það var úr torfi og hafði gólf sem var eins og yngra gólfíð í húsi 3a. Einnig hafa formin á húsunum verið svipuð. Gripir sem fundust í húsinu í Reykjavík, fyrir utan lóðina, voru einkum naglar úr járn. Talið var að húsið kunni að hafa tengst sjósókn á einn eða annan hátt, en lóðirnar sjálfar gera það örugglega. Því verður ekki hjá því komist að viðra enn nýjan möguleika á hlutverki hússins; að það hafi tengst sjósókn á einn eða annan hátt.

### 2.3 Hús 3b

Stefnt var að því að klára hús þetta síðastliðið sumar, en það tókst ekki vegna þess að á síðasta degi rannsókna komu í ljós vísbendingar um að eldstæði gæti verið að finna um miðbik þess, þó það hafi verið afskrifað því sem næst áður. Í ljós kemur að miðbik skálans hefur legið mun dýpra en endar



Mynd 12. Snið í stoðarholu 1 í húsi 3b. (Horft mót S. Stafrænar myndir nr. 441. Ljós. BFE).



Mynd 13. Sniðteikning af stoðarholu 1.





Rétt vestan við eldstæðið kom í ljós steinfóðruð stoðarhola (Sth 1) með steini í botninum. Þvermál hennar var 0,22 m og dýptin niður á steinin 0,15 m. Beint á móti henni var stór steinn, sem túlkaður er sem stoðarsteinn (Stoðarsteinn 1). Var steinninn býsna stór og rétt eins manns verk að lyfta honum. Bæði stoðarholan og stoðarsteinninn hafa verið á mörkum mið- og hliðarskipa. Rúman 0,5 m austur af stoðarholu 1 var stoðarhola 2, mjög svipuð að stærð, en án steinfóðringar (sjá stafrænar myndir nr. 431-32). Hún hefur ekki staðið á milli skipa.

Fleiri hugsanlegar stoðarholur voru í húsinu, en ekki reyndist unnt að staðfesta þær allar og sumar reyndust vera smá holur. Þessar holur eru teiknaðar á flatarteikningu hússins.

Á milli norður- og miðskips, norðan við eldstæðið, var rás í gólfinu sem mjög líklega er eftir raft sem þar hefur legið og verið hluti af mannvirki á skilunum. Ekki náði þessi rás nema yfir hluta af rýminu. Hugsanlega markar rásin skil í skálanum, þ.e.a.s. að skálanum hefur verið skipt niður í minni rými og að rásin hafi verið í einu þeirra. Rásin sést vel á forsíðumyndinni.


Dreifing gripa í húsinu er býsna athyglisverð, en hún einskorðast því sem næst algerlega við austur hluta húss 3b, í næsta nágrenni við eldstæðið. Vestast í húsinu, vestan við vestustu dyrnar, eru engir gripir fundnir.

Undir suður langvegg, vestan við dyr, var mannvistarlag sem sýnir að húsið er byggt eftir að búseta hefur verið á staðnum í skemmri eða lengri tíma. Hugsanlega hefur húsið verið lengt til norðvesturs.

Vestast komu mjög eydd ummerki um gafl í ljós. Var nánast ekkert eftir nema allra neðstu torfflyksurnar, en þó nægilega greinilegt til að fá þetta staðfest. Lengd skálans hefur því verið 5,68 x 17,84 m að utanmáli (hús 3a ekki reiknað með). Húsið er með öðrum orðum býsna mjótt miðað við lengd (L/Br stuðull  $17,84/5,68 = 3,14$ ). Húsið tilheyrir því mjórrri skálum á landinu, sambærilegt við eldri skálann, en breiddarstuðull hans var 3,7 - 4 m (Bjarni F. Einarsson 2006:5 og áfram).

Tvö sýni voru tekin úr eldstæðinu eða í allra næsta nágrenni þess (sýni nr. 59 og sýni 61).

Á síðasta degi rannsóknarinnar komu í ljós teikn um að rétt vestur af eldstæðinu



Mynd 17. Flatarteikning af húsi 6, sem er vestasta húsið sem fundist hefur enn sem komið er. Húsið er býsna ógreinilegt á yfirborði. Var það um 85 m vestur af húsi 5, eldri skála.




kynni annað eldstæði að leynast, nokkru dýpra en það sem nú var rannsakað. Þar voru nokkuð kröftug mannvistarlög/gólf undir mold og ekki útilokað að þar kunnist langeldur að leynast. Þetta er síðasta atriðið sem eftir á að kanna í húsi 3b og verður aðalviðfangsefni næsta sumars, fáist til þess fé.

#### 2.4 Hús 6

Húsið er um 85 m vetur af skálanum, húsi 5. Miðja þess er við X 227 Y 84,5. Á yfirborði mældist húsið 4,0 x 4,40 m stórt, en það var býsna ógreinilegt í forminu, en var næst því að vera ferhyrnt. Ekki sáust dyr og veggþykktin var á bilinu 1 - 1,5 m á yfirborðinu, sem gefur ákveðnar vísbendingar um hina eiginlegu þykkt, sem hlýtur að hafa verið svipuð og í öðrum rannsökuðum húsum.

Prufuhola III, 1 x 1 m stór, var grafin í miðju hússins og samsetning þess gæti bent til þess að í húsinu hafi verið geymdur viður, eða að í því hafi farið fram starfsemi sem skildi eftir sig viðarkol og ekkert annað. Engir gripir fundust í húsinu. Húsið þarf að rannsaka til hlýtar til að komast að því hvers kyns það var.

Hús þetta er túlkað sem viðargeymsla. Sé túlkun þessi rétt gefur það hugsanlega einhverjar vísbendingar um hvar smiðjuna kunnist að vera að finna.



Mynd 18. Flatarteikning af húsi 7, sem er syðsta húsið sem fundist hefur í Hólmi. Eins og sjá má á hnitunum er það dágóðan spöl frá aðal húsabyrpingunni, eða rúma 70 m.

### 2.5 Hús 2<sup>3</sup>

Húsið er um 73 m suður af SA horni húss 3a. Var það fyrst rannsakað sumarið 1997 með einni prufuholu. Í prufuholunni fannst gólf húss, en þær upplýsingar voru aldrei birtar í skýrslu. Gólfíð var ekki eins og önnur gólf annarra húsa á staðnum. Voru hvorki viðarkol, brennd bein, né sót og aska í því og því hefur ekki verið um mannbústað að ræða.

Miðja hússins er u.þ.b. við X 134,8 Y 214, eða rúma 60 m suður af húsi 3. Í húsið var grafin 1 x 1 m stór prufuhola í byrjun rannsókna, en ekki var vart við eiginleg gólf, einna helst að um hafi verið að ræða taðgólf. Nánari rannsókn mun skera úr um þetta atriði.

Húsið er um 2,1 - 2,4 m stórt á yfirborðinu, en form þess var ógreinilegt, en næst því að vera hringlaga. Engar dyr eru greinanlegar. Veggjabykkt var ekki vel greinanleg, en hefur líklega verið á bilinu 1 - 1,2 m. Í því miðju var prufuholan grafin. Húsið er það minnsta sem fundist hefur á bæjarstæði Hólms og virðist vera úr sömu efnum og önnur hús þar. Gólf þess var þó gjör ólíkt öðrum gólfum sem fundist hafa í húsunum. Engir gripir fundust í því. Hugsanlega hefur húsið verið notað sem einhverskonar geymsla eða sem skepnuhús (hey, torf, kindur, geitur, svín, fiðurfé).

### 2.6 Gripir

Kljásteinar	26 + 1	Steinar	5
Hnoðnaglar	6 + 2	Skrautsteinar	48 + 21
Grýtur	17	Unnir steinar	4 + 1
Hamarshaus	1	Járnteinn (nagli - gjall)	17 + 1
Flaga úr hrafnitinnu	1	Flaga úr tinnu	1
Eldsláttusteinar, grænir	3	Eldsláttusteinar, rauðir	31
Eldsl.st. glerh. kvarts, tinna, hrafnit.	6 + 16	Hella (bökunarhella)	1
Skífa	3 + 2	Kambur	1
Kola	2	Lóð	1
Skeifa (ung)	1	Gjall	1
Hnífar	4 + 1	Heinbrýni	2
Snældusnúðar	4	Brýni	18 + 3
Krókar	2	Vaðsteinn	1
Deigla	1	Perlur	1 + 1
Járn	35 + 2	Járn í kippu	5
Járnband með nagla í	1	Járnaglar	18 + 1
Timbur, járn með timbri	1 + 1	Bein (11 fundanúmer)	+ 3 númer
Skinna úr járn	6		

Tafla yfir alla gripir sem fundist hafa á bæjarstæði Hólms. Feitletraðar tölur sýna gripir sem fundust sumarið 2010. Ekki er tekið til ákveðinnar óvissu í tegundagreiningum.

### 3. Gjóskugreining

Sýni nr. 52 sem tekið var úr gjóskulagi í suðurkampi húss 5, skála, komst aldrei í greiningu á sínum tíma. Nú var það hins vegar sent til Edinborgar í greiningu. Gjóskulag þetta er ekki að finna í öðrum veggjum hússins að því að séð verður.

<sup>3</sup> Í eldri skýrslum var hús 2 talið vera nokkra metra NV af húsi 1, en síðar kom í ljós að þar var ekkert hús, heldur nokkuð öflugt mannvistarlag á bæjarstæði.

Bendir það til þess að lagið sé því yngra en elsti hluti hússins og að kampurinn, eða veggjatoturnar út úr suður gaflí hússins, séu yngri viðbót við húsið.

Greiningin leiddi í ljós að um gjósku úr Grímsvatnakerfinu var að ræða, en nokkuð mörg gos koma til greina. Það verður því ekki sagt með vissu án frekari greininga úr hvaða gosi þessi gjóska kemur. Mat undirritaðs er að gjóskan geti ekki verið úr yngra gosi í Grímsvötnum en 1060-1080, en þó líklega mun fyrr. Mat þetta byggist á samhengi jarðlaganna og C-14 greiningu.

#### 4. Túlkun á svæðinu vestur af læk og suður af bæjarstæðinu

Hús 6, sem fannst vestan við lækinn um 85 m vestur af eldri skálanum (húsi 5), gæti hafa þjónað sem geymsluhús af einhverju tagi, t.d. viðargeymsla eins og stungið er upp á hér að framan. Sé þetta t.d. viðargeymsla fyrir bæði bæ og smiðju, gæti smiðjan verið í allra næsta nágrenni. Ýmislegt á yfirborði svæðisins gaf til kynna að fleiri húsa væri að vænta þarna og að auki garður eða garðsbrot. Þarna gæti því leynst nokkur hús sem kunna að hafa verið afgirt með túngarði, þó sjálft bæjarstæðið hafi ekki verið það. Er ekki alveg út í hött að líkja þessu við svokallað athafnasvæði í miðbæ Reykjavíkur, sem var einhverja tugi metra frá skálanum. (Vala Garðarsdóttir 2010).

Hús 2, sem fannst um 73 m suður af húsi 3a gaf nánst ekkert uppi um hlutverk sitt. Í því fannst nánast ekkert. Einhverskonar geymsla er líklegasta skýringin á því, til dæmis fyrir hey, eða skepnuhús sem ekki hefur skilið eftir sig mikið til að lesa í. Hugsanlega gæti efnagreining varpað ljósi á hlutverk hússins.

### 5 Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. Fornleifarannsóknir á skála, jarðhýsi og öðrum tilheyrandi fornleifum sumrin 1987 og 1988.“ *Súluur. Norðlenskt tímarit*. XVI. árg. 29. hefti. Akureyri 1989. Bls. 22 – 77.
- Ibid. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Ibid. *Aðalstræti 12*. Reykjavík Skýrslur Árbæjarsafns sssss. Reykjavík 1995.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. - Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylínu Hólmur í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu*, 13. - 16. ágúst 1996. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1997.
- Ibid. (a) *-Hólmur í mynni laxárdals- II. Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylínu Hólmi og kumli í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu*, 26. júní t. o. m. 18. júlí 1997. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 1998.
- Ibid. (b) „Hólmur. Kuml og landnámsbær í mynni Laxárdals í Nesjum.“ *Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. 12. árgangur. Höfn 1998.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. - Blóthús undir [Selhrygg]*. Skýrsla III. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. - Blóthús undir Selhryggnum*. Skýrsla IV. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2001.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. - Blóthús og bæjarstæði undir Selhrygg*. Skýrsla V. Viðauki: Vindás/Hof. Forn rúst á Steinadal í Suðursveit. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2002.

